

REGLUGERÐ
Þátttaka Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) á Reykjavík International Games (RIG)

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Eðli móts

Alþjóðlegt kraftlyftingamót skal haldið árlega í tengslum við Reykjavík International Games eins og fram kemur í afreksstefnu KRAFT.

Mótið skal vera klassískt þríþrautarmót þar sem keppt er á IPF-GL stigum.

Mótið er hluti af leikunum og skal framkvæmd vera samkvæmt handbók RIG.

Mótið fer fram samkvæmt reglum IPF, er lyfjaprófað samkvæmt reglum WADA og framkvæmt eftir handbók leikanna. Mótið er á mótaskrá IPF og EPF.

Gert er ráð fyrir mótinu í fjárhagsáætlun KRAFT fyrir árið.

2. gr.

Ábyrgðaraðili

KRAFT ber ábyrgð á mótinu og tilnefnir mótsstjóra en leitar til aðildarfélaga um framkvæmd og utanumhald mótsins.

II. KAFLI

Keppendur

3. gr.

Tíu konum og tíu körlum er boðið að taka þátt í keppni, þar af eru a.m.k. tíu sæti frátekin fyrir íslenska keppendur, fimm í hverjum flokki.

4. gr.

Innlendir keppendur

Íslenskum keppendum er boðin þátttaka eftir stigalista ársins á undan. Ef keppandi afþakkar boði fær næsti maður á lista boð. Tveir karlar og tvær konur eru tilnefndar til vara eftir sömu röðun. Keppendum er boðið í samráði við landsliðsnefnd en hún hefur jafnframt heimild til að bjóða einum kvenkyns keppanda og einum karlkyns keppanda að eigin vali óháð styrkleikaröðun.

5. gr.

Erlendir keppendur

KRAFT ákveður hvaða erlendum keppendum er boðin þátttaka, og getur boðið allt að fimm konum og fimm körlum.

Erlendir keppendur skulu hafa sýnt sambærilegan árangur á IPF mótum, í heimalandi sínu eða fjölþjóðlegum mótum, og íslensku keppendurnir. Boðið skal fara gegnum landssamband viðkomandi keppenda og þátttaka alfarið háð samþykki viðkomandi landsambands. Mótshaldari býður nægilega mörgum alþjóðadómurum og greiðir ferð og upphald þeirra.

6. gr.

Boðslisti

Endanlegur boðslisti keppenda skal liggja fyrir eigi síður en 15.nóvember.

7. gr.

Mótsgjald og kostnaður vegna lyfjaprófa

KRAFT greiðir mótsgjald og lyfjapróf í tengslum við mótið.

Samið er við Lyfjæftirlit Íslands um lyfjaprófin.

8. gr.

Samskipti

Öll samskipti við IPF, EPF og landssambönd keppenda skulu fara fram í gegnum skrifstofu KRAFT

9. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt á fundi stjórnar KRAFT í kjölfar samráðs á formannafundi og öðlast þegar gildi. Frekari breytingar á þessari reglugerð eru óheimilar án samráðs á formannafundi.

Samþykkt á stjórnarfundum 23.nóvember 2021